

Reykjavík, 29. maí 2017

**Mætt:** Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Hilmar Örn Jónasson, Bryndís Sigurðardóttir, Lilja Ósk Björnsdóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

### **Hvað þarf til að efla foreldra í samstarf við sundhreyfinguna?**

Almenn umræða fór fram um efnið á meðal nefndarinnar. Rætt var bæði um minni félagsmót og stærri SSÍ mót.

- Rætt var um að hætta við mót ef ekki fást dómara á bakkann.
- Rætt var um að sundfélögin, sem starfa eftir grunngildum Sundsambands Íslands og þá um leið Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þurfa að koma boðskap þess betur á framfæri á foreldrafundum sínum. Reynslan hefur sýnt að þeir foreldrar sem mæta á slíka fundi eru þeir sem mæta á bakkann til að hjálpa til.
- Rætt var um að það þurfi að verða almenn samfélagsvakning um þátttöku foreldra í íþróttum barnanna sinna. Hér er átt við að Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin þurfi að taka höndum saman um allsherjar vitundarvakningu um mikilvægi þátttöku foreldra í íþróttþátttöku barna sinna.
- Rætt var um að hægt sé að reikna það út með einföldum hætti hvað hvert félag í sundhreyfingunni þarf að skila af mannskap á sundmót. Mögulegt er að senda kvörtun/viðurlög á félög sem ekki skila sínu.
- Mögulegt er að dómara nefndin sendi á sundfélögin beiðni um að þau veki sitt fólk til vitundar um þátttöku á öllum sundmótum, stærri og smærri.

Bent var á að það vanti fundargerðir dómara nefndar inn á heimasíðu SSÍ frá og með 63. fundi. Úr þessu verður bætt og fundargerðir frá þeim tíma verða settar inn á síðuna á allra næstu dögum.

Virðingarfyllt,  
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir